

watta framleiðslugetu og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði áanna til að tryggja rekstur þeirra. Enn fremur að leggja aðalorkuveitur frá raforkuverunum um Vestfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grýtubakkahreppi í Suður-Dingeyjarsýslu jarðirnar Grenivík (að undanteknum 7 ha., sem eru eign hafnarsjóðs), Svæði og Höfðabrekku í sama hreppi.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja Borgarneshreppi þann hluta lands Borgar í Borgarhreppi, sem er sunnan Þjóðvegarsins vestur á Snæfellsnes.

Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum. Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.